

Skilablað – Suðurgata 1, Sauðárkróki – húsnæði fyrir lögreglustjóra Norðurlands vestra

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati.“ Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Suðurgata 1, Sauðárkróki – húsnæði fyrir lögreglustjóra Norðurlands vestra.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá sýslumanninum á Höfn í Hornafirði þann 13. október 2014. Engin tímamörk voru á verkefninu.

Verkefnastjóri hjá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

2 Verklýsing

Um var að ræða þarfagreiningu og kostnaðarmat vegna húsnæðis fyrir lögreglustjórann á Norðurlandi vestra.

Verkheiti verkefnisins var Suðurgata 1, Sauðárkróki – húsnæði fyrir lögreglustjóra Norðurlands vestra.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 5. nóvember 2014 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0087.

4 Framvinda

Hafin var vinna við frumathugun, en fljótlega kom í ljós að verkefnið féll ekki undir lög um skipan opinberra framkvæmda, heldur var um endurbætur á húsnæði í umsjá Ríkiseigna að ræða. Verkefnið fluttist því þangað.

5 Kostnaður verksins

Umsjónar- og ráðgjafakostnaður FSR við verkefnið var 269.500 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Á ekki við.

7 Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8 Verklok

Á ekki við.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðar staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri